

## TILLAGA

### að starfsreglum um prófasta.

(Lagt fyrir 65. kirkjuþing 2023-2024).

Flutt af Bryndísi Möllu Elídóttur og Stefáni Magnússyni.

Frsm. Bryndís Malla Elídóttir.

#### 1. gr.

Biskupsdæmi Íslands skiptist í prófastsdæmi. Um afmörkun og fjölda prófastsdæma er mælt fyrir um í starfsreglum um skipulag kirkjunnar í héraði.

#### 2. gr.

Biskup útnefnir prófast úr hópi þjónandi presta í hverju prófastsdæmi eftir að hafa leitað umsagnar þjónandi presta og djákna svo og formanna sóknarnefnda.

Biskupi er heimilt að útnefna prófast til að hafa umsjón með tilteknum þáttum kirkjulegrar þjónustu óháð mörkum prófastsdæma, svo sem sérþjónustu kirkjunnar.

#### 3. gr.

Útnefning gildir meðan ráðningarsamningur hlutaðeigandi prests er í gildi. Biskup getur fellt útnefningu niður. Útnefning prófasts fellur sjálfkrafa niður við lok prestsþjónustu hans í prófastsdæminu.

#### 4. gr.

Hæfisreglur starfsreglna um þingsköp kirkjuþings gilda um prófasta eins og við getur átt. Biskup sker úr um hvort um vanhæfi er að ræða. Víki prófastur sæti í tilteknu máli vegna vanhæfis setur biskup prófast til að fara með málefni það sem um er að tefla.

#### 5. gr.

Prófastur hefur í umboði biskups tilsjón með kirkjulegu starfi í prófastsdæminu, embættisfærslum presta, þjónustu vígðra og starfi sóknarnefnda. Hann er tilsjónarmaður og ráðgjafi þessara aðila.

Prófastur sér til þess að sóknarbörn njóti þeirrar prestsþjónustu sem þeim ber. Hann skipuleggur afleysingaþjónustu vegna vikulegs frídags, skammvinnra veikinda og sumarleyfa presta í prófastsdæminu. Hann annast um viðveruskyldu og skipulag bakvakta, m.a. í ljósi viðbragðaáætlunar kirkjunnar við hópslysum.

Prófastur skal hafa eftirlit með því, að prestar skili starfsskýrslum til þjónustumiðstöðvar Þjóðkirkjunnar og Þjóðskrár Íslands.

Prófastur sér til þess að vígðir þjónar kirkjunnar í prófastsdæminu njóti tilskilinna réttinda s.s. til orlofs og námsleyfa.

Biskup setur prófasti erindisbréf.

#### 6. gr.

Prófastur er trúnaðarmaður biskups og ráðgjafi í kirkjulegum málum.

Prófastur fylgist með því að réttur kirkjunnar sé virtur í hvívetna.

Prófastur er, sem fulltrúi biskups Íslands í prófastsdæminu, leiðtogi og verkstjóri vígðra þjóna prófastsdæmisins.

Prófastur fylgir eftir stefnumörkun og samþykktum kirkjupings er varðar kirkjulegt starf í prófastsdæminu.

Prófastur er í fyrirvari fyrir prófastsdæmið að því er varðar sameiginleg málefni þess, gagnvart stjórnvöldum, stofnunum og einstaklingum.

Prófasti er skylt að mæta á árlegan prófastafund er biskup boðar.

#### 7. gr.

Prófastur er formaður héraðsnefndar og formaður stjórnar héraðssjóðs sbr. starfsreglur um héraðsfundi og héraðsnefndir. Hann tekur við erindum og fyrirspurnum til úrlausnar og annast að öðru leyti þá stjórnsýslu sem honum er falin samkvæmt erindisbréfi og starfsreglunum.

#### 8. gr.

Prófastur setur nýja presta í embætti og afhendir þeim prestsþjónustubækur og gögn að boði biskups.

Prófastur annast um skiptingu starfa milli presta þar sem fleiri en einn prestur þjónar í prestakalli og sér til þess að samið sé um það skriflega.

Prófastur skipuleggur starf héraðsprests. Héraðsprestur starfar undir stjórn prófasts.

#### 9. gr.

Prófastur hefur vörslur og annast gjafa- og líknarsjóði í prófastsdæmi ef því er að skipta og gerir árlega reikningsskil til kjörinna endurskoðenda.

#### 10. gr.

Prófastur fer, ásamt biskupi, með yfirstjórn kirkjugarða í prófastsdæminu, sbr. lög um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu nr. 36/1993 og sinnir öðrum lögboðnum skyldum samkvæmt þeim lögum.

#### 11. gr.

Prófastur skal annast sáttaumleitunir innan prófastsdæmisins þegar trúnaðarmönnum eða starfsmönnum, launuðum jafnt og ólaunuðum, vígðum jafnt og leikum, hefur ekki tekist

að jafna ágreining sín á milli. Prófastur skal skila vígslubiskupi skriflegu álitni ef sættir takast ekki.

#### 12. gr.

Starfsreglur þessar sem settar eru með heimild í 8. gr. laga um þjóðkirkjuna nr. 77/2021 öðlast gildi við birtingu. Frá sama tíma falla brott starfsreglur um prófasta nr. 966/2006, með síðari breytingum.

#### Greinargerð.

Tveir fulltrúar í starfsreglunefnd kirkjuþings flytja mál þetta. Í lögum um þjóðkirkjuna nr. 77/2021, sem öðluðust gildi 1. júlí 2021 segir svo í 2. mgr. ákvæðis til bráðabirgða: *Starfsreglur og samþykktir, sem kirkjuþing hefur sett eða samþykkt í gildistíð laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar, nr. 78/1997, halda gildi sínu, eftir því sem við á, þar til kirkjuþing hefur fellt þær niður, breytt þeim eða sett eða samþykkt nýjar, þó eigi síðar en 31. desember 2021.*

Aukakirkjuþing 2021 kaus þann 27. ágúst það ár svonefnda starfsreglunefnd þriggja þáverandi kirkjuþingsfulltrúa til tillögugerðar um áframhaldandi gildi starfsreglna kirkjuþings. Starfsreglunefndin setti sér þau viðmið í byrjun að leitast yrði við að einfalda starfsreglusafn kirkjunnar og stytta starfsreglur þar sem því yrði við komið. Þannig hefur starfsreglunefnd í ýmsum tilvikum lagt til að dregið sé úr nákvæmum fyrirmælum í starfsreglum og þess í stað sé þeim aðilum sem eiga að fylgja starfsreglunum eftir treyst til útfæra þær eftir því sem best þykir henta hverju sinni. Kirkjuþing hefur jafnan samþykkt tillögur nefndarinnar þar að lútandi. Í þessu sambandi má nefna ákvæði 3. gr. starfsreglna um þjónustumiðstöð Þjóðkirkjunnar nr. 56/202-2022 þar sem segir að biskup Íslands og framkvæmdastjóri rekstrarstofu ábyrgðarsviða móti nánari stefnu, viðmið og verkferla, hvor fyrir sitt svið, eftir því sem þurfa þykir.

Kirkjuþing 2021-2022 samþykkti í 41. máli starfsreglur um áframhaldandi gildi tiltekinna starfsreglna kirkjuþings til 1. janúar 2023, til að tími gæfist til að endurskoða regluverkið. Starfsreglur um prófasta nr. 966/2011, með síðari breytingum, voru þar á meðal. Kirkjuþing 2022-2023 samþykkti síðan að nýju í 40. máli þingsins að framlengja gildistíma framangreindra starfsreglna um prófasta til 1. janúar 2024.

Starfsreglunefnd lagði fram ýmsar tillögur að nýjum starfsreglum fyrir kirkjuþing 2021-2022, sem þingið samþykkti. Vegna mikils umfangs verkefnis nefndarinnar var talið rétt að fresta framlagningu ýmissa mála til kirkjuþings 2022-2023 þ. á m. tillögum að starfsreglum um prófasta. Kirkjuþing 2022-2023 hefur þegar samþykkt nokkrar tillögur starfsreglunefndar. Á kirkjuþingi 2021-2022 var lögð fram tillaga að starfsreglum um nýjar starfsreglur um prófasta í 21. máli þingsins. Flutningsmaður dró tillöguna til baka á þingfundi þann 28. mars 2022.

Tillögur þessar eru reistar á framangreindum viðmiðum um einföldun og styttingu þar sem því þykir vera við komið. Starfsreglunefnd leggur til að áfram verði hugtakið „útnefning“ notað þegar prestur tekst á hendur starf prófasts. Þá byggja tillögur þessar á þeim

skilningi að þegar prestur tekst á hendur prófastsstarf verði eftirleiðis gerður viðauki við ráðningarsamning hans, sem unnt væri að segja upp af beggja hálfu án þess að segja ráðningarsamningi upp að öðru leyti.

#### Um einstök ákvæði tillögunnar

Um 1. gr.

Ákvæðið er svipað 1. gr. núgildandi starfsreglna um prófaste nr. 966/2006, með síðari breytingum. Þó er fallið frá því að telja upp prófastsdæmin en vísa þess í stað í starfsreglur um skipulag kirkjunnar í héraði þar að lútandi. Sama fyrirkomulag er viðhaft í 1. gr. starfsreglna um vígslubiskupa nr. 33/2022-2023.

Um 2. gr.

Ákvæðið er efnislega samhljóða 1. og 2. málsg. núgildandi starfsreglna um prófaste. Lagt er til að 3. málsg. 2. gr. starfsreglnanna falli brott. Biskup gæti þá sett nánari viðmið og verkferla þess í stað eins og þurfa þykir.

Um 3. gr.

Starfsreglunefnd leggur til í 1. másl. ákvæðisins að útnefning til prófastsstarfa gildi meðan ráðningarsamningur viðkomandi prests er í gildi í stað þess sem nú er að útnefning gildi í fimm ár. Rétt þykir að taka fram að biskup geti fellt útnefningu niður og er ákvæði þar að lútandi sett í 2. másl. Slík niðurfelling hefði ekki sjálfkrafa áhrif á ráðningarsamning hlutaðeigandi prests hvað varðar prestsstarfið. 3. másl. er óbreyttur frá því sem kveðið er á um í 1. másl. 4. gr. núgildandi starfsreglna.

Um 4. gr.

Ákvæði þetta er samhljóða ákvæði 6. gr. núgildandi starfsreglna um prófaste að öðru leyti en því að í stað þess að vísa til stjórnarsýslulaga hvað varðar sérstakt hæfi prófaste er vísað til hæfisreglna starfsreglna um þingsköp kirkjuþings eins og við getur átt.

Um 5. gr.

1. málsg. ákvæðisins er samhljóða ákvæði 7. gr. núgildandi starfsreglna.

2. málsg. ákvæðisins er nánast samhljóða ákvæði 11. gr. núgildandi starfsreglna.

Skotið er inn nýrri 3. málsg. þess efnis að prófastar skuli hafa eftirlit með skilum starfsskýrslna presta. Núverandi 4. másl. 11. gr. starfsreglna um prófaste verður 4. málsg.

Lagt er til að við ákvæðið bætist ný málsg. sem verður 5. málsg. þess efnis að biskup setji próföstum erindisbréf.

Um 6. gr.

1. – 4. málsg. ákvæðisins eru samhljóða 1. – 4. málsg. 8. gr. núgildandi starfsreglna um prófaste.

5. málsgr. er samhljóða 27. gr. nógildandi starfsreglna.

Lagt er til að nógildandi ákvæði 5. málsgr. 8. gr. starfsreglnanna um varðveisluskyldu prófafa á embættisbókum og gögnum prófastsdæmisins falli brott.

Um 7. gr.

Ákvæðið er efnislega samhljóða ákvæðum 16. og 17. gr. nógildandi starfsreglna um prófafa. Þó er bætt við orðinu „erindisbréfi“ til samræmis við tillögu þar um í lokamálsgr. 5. gr. tillagna þessara. Lagt er til að ákvæði 2. málsgr. 17. gr. nógildandi starfsreglna færist í 9. gr. í þessum tillögum

Um 8. gr.

1. málsgr. tillögunnar er samhljóða 15. gr. í nógildandi starfsreglum um prófafa.  
2. málsgr. tillögunnar er samhljóða 13. gr. í nógildandi starfsreglum.  
3. málsgr. tillögunnar er samhljóða 14. gr. að öðru leyti en því að felld eru brott orðin „í samráði við biskups og héraðsnefnd“. Er gengið út frá því að meta megi hverju sinni hvernig samráði er háttað.

Um 9. gr.

Ákvæði þetta er samhljóða 2. málsgr. 17. gr. nógildandi starfsreglna um prófafa.

Um 10. gr.

Ákvæðið er samhljóða ákvæðum 18. gr. nógildandi starfsreglna um prófafa.

Um 11. gr.

Ákvæðið er samhljóða 29. gr. nógildandi starfsreglna um prófafa að öðru leyti en því að lagt er til að 2. másl. 29. gr. falli brott en hann er svohljóðandi: „Prófastur skal ljúka sáttaumleitan sinni að jafnaði innan tveggja vikna enda sé mál hvorki á hendi annarra kirkjulegra aðila á þeim tíma né til meðferðar fyrir dómstólum.“ Þessi tímamörk eru of stutt að mati starfsreglunefndar. Þykir rétt að prófastar og eftir atvikum biskup og vígslubiskupar hafi svigrúm til að móta nánara verklag um sáttaumleitanir og raunhæfa tímaramma.

Um 12. gr.

Lagt er til að starfsreglur þessar, ef samþykktar verða, öðlist gildi við birtingu og að frá sama tíma falli brott starfsreglur um prófafa nr. 966/2006, með síðari breytingum.

Ekki er gert ráð fyrir kostnaði af samþykkt þessara starfsreglna.